



Rjóður



LANDSPÍTALI

FRÆDSLUEFNI

Aðlögun barns að dvöl í Rjóðri

Þegar barn byrjar í Rjóðri þarf það tíma til að aðlagast nýju umhverfi og kynnast starfsfólki á rólegan og öruggan hátt. Aðlögun barns fer eftir þörfum hvers og eins og þurfa sum börn lengri aðlögun en önnur.

Aðlögun

Leitast er við að þeir sem fylgja barni í aðlögun taki þátt og yfirfæri þannig eigin öryggiskennnd og forvitni í nýjum aðstæðum á börnin sín. Aðlögunin byggist á að ekki er verið að venja barnið við að vera skilið eftir í Rjóðrinu, heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum.

Næturaðlögun

1. Fyrsta nótt: Sá sem fylgir barni í aðlögun gistir með barni.
2. Önnur nótt: Sá sem fylgir barni í aðlögun gistir í Rjóðri en ekki í sama herbergi og barnið.
3. Þriðja nótt: Barn gistir eitt í Rjóðri en sá sem fylgir barni í aðlögun gistir á höfuðborgarsvæðinu svo hægt sé að ná í hann ef eitthvað kemur upp á.

Framhald á aðlögunarferli barnsins er ákveðið er í samráði við foreldra og tengilið barnsins.

Tengiliður innan deildar

Öll börn sem koma í Rjóður hafa sinn tengilið þar. Foreldrar geta leitað til tengiliðs til að fá upplýsingar varðandi dvöl barnsins og til að koma með athugasemdir varðandi eitthvað sem betur mætti fara eða það sem vel er gert. Tengiliður sér til þess í samvinnu við annað starfsfólk að upplýsingar um barnið séu réttar hverju sinni og uppfærir þær og áætlun barnsins í samvinnu við foreldra.

Tengiliður barns í Rjóðri er _____.

Dvöl í Rjóðri

Þegar barn kemur í Rjóður eru fengnar upplýsingar frá foreldri eða forsjáraðila um eftirfarandi:

- Hvernig líður barninu?
- Hafa einhverjar breytingar átt sér stað frá síðustu dvöl?
- Eru einhverjar breytingar á lyfjum? Mælt er til þess að foreldri fari yfir lyfjalista barns áður en það kemur í dvöl í Rjóðri.
- Þarf barnið sérþæði?
- Nýtt barnið ferðapjónustu?
- Er eitthvað sérstakt á dagskrá hjá barninu meðan á dvöl stendur?

Barnið þarf að koma með eftirfarandi hluti þegar það dvelur í Rjóðri:

- Lyf skömmtuð í poka frá apóteki. Ef ekki er kostur á því, þá þurfa lyf að vera í merktu boxi
- Sondunæringu, slöngur og dælu og sprautur
- Bleiur og blautklúta
- Inniföt og útiföt (merkja fötin)
- Tannbursta, tannkrem og snyrtidót
- Hjálpartæki sem eru sérhönnuð fyrir barnið

Dvalartími

Börnin koma í Rjóður og dvelja samkvæmt skipulagi sem gert er þrjá mánuði fram í tímann. Þörf fyrir áframhaldandi þjónustu í Rjóðri er endurmetin fyrir hverja úthlutun.

Gert er ráð fyrir að barn komi á milli kl. 14:00 og 15:00 eða eftir kl. 16:00. Lengd dvalar fer eftir þörfum, frá einum degi upp í sjö daga.

Mikilvægt er að láta vita ef einhverjar breytingar verða á dvöl barnsins í síma **543 9261** eða senda póst á netfangið rjodur@landspitali.is.